

AUGLÝSING

um samkomulag við Sambandslýðveldið Þýskaland um viðskiptamál.

Með orðsendingaskiptum í Reykjavík 27. nóvember 1984 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um viðskiptamál. Samkomulagið öðlaðist gildi 27. nóvember 1984.

Með samkomulaginu var felldur niður viðskiptasamningur milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands frá 20. maí 1954, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki, nr. 313, og auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1966.

Orðsendingaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. desember 1985.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

a. Orðsending sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands til utanríkisráðherra.

Reykjavík, 27. nóvember 1984.

Hr. ráðherra,

Ég leyfi mér í nafni ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands að leggja til eftirfarandi samkomulag:

1. Viðskiptasamningurinn frá 20. maí 1954 milli ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands og ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands er úreltur orðinn, einkum vegna samningsins frá 22. júlí 1972 milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands. Samningur frá 20. maí 1954, viðbótarsamningar og fylgiskjöl skulu því falla úr gildi með gerð þessa samkomulags.

2. Viðskiptamál, sem snerta hagsmuni beggja aðila verða rædd í nefnd um viðskiptamál, sem báðar ríkisstjórnirnar mynda og kemur saman að ósk annarrar hvorrar ríkisstjórnarinnar.

3. Samkomulag þetta gildir einnig fyrir Berlín, svo framarlega sem ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands tilkynnir ekki ríkisstjórn lýðveldisins Íslands um annað innan þriggja mánaða frá gildistöku samkomulagsins.

4. Samkomulagið gildir svo lengi sem önnur hvor ríkisstjórnin segir því ekki upp skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

Ef ríkisstjórn Íslands getur fallist á töluliði 1 til 4, leyfi ég mér að leggja til að þessi orðsending og svar yðar skoðist sem samkomulag milli ríkisstjórnanna tveggja, og skal það öðlast gildi þann dag, er svar yðar er dagsett.

Ég votta yður, hr. ráðherra, enn á ný sérstaka virðingu mína.

J.R.Krieg

Utanríkisráðherra
lýðveldisins Íslands
hr. Geir Hallgrímsson
Reykjavík.

b. Svarorðsending utanríkisráðherra.

Reykjavík, 27. nóvember 1984.

Hr. sendiherra,

Ég leyfi mér að staðfesta móttöku orðsendingar yðar, dags. 27. nóvember 1984, þar sem þér, í nafni ríkisstjórnar yðar, gerið tillögu um endanlegt samkomulag milli ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands og lýðveldisins Íslands. Orðsending yðar er sem hér fer á eftir:

[Sjá orðsendinguna hér að framan.]

Ég leyfi mér að tilkynna yður, að ríkisstjórn lands míns er samþykk tillögum þeim, er fram koma í orðsendingu yðar. Orðsendingu yðar og svar þetta ber því að skoða sem endanlegt samkomulag milli ríkisstjórnanna, með gildistöku frá og með dagsetningu orðsendingar þessarar.

Ég votta yður, hr. sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Geir Hallgrímsson

Hr. sendiherra
Sambandslýðveldisins Þýskalands
dr. Jörg R. Krieg
Reykjavík.

31. desember 1984

Nr. 22

AUGLÝSING**um samninga Íslands við erlend ríki 31. desember 1984.**

Skrá yfir samninga Íslands við erlend ríki sem taldir eru í gildi 31. desember 1984 er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Númer samninga og blaðsíðutal á við heildarútgáfu utanríkisráðuneytisins árið 1962 á samningum Íslands við erlend ríki (I. bindi: Alþjóðasamningar og samningar við fleiri ríki en eitt; II. bindi: Samningar við einstök ríki). Auk þess er vitnað í númer auglýsinga og blaðsíðutal í C-deild Stjórnartíðinda vegna samninga sem auglýstir hafa verið frá og með árinu 1962.

Auglýsingu þessari fylgir einnig skrá yfir heiti samninganna á ensku.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. desember 1984.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.